

Spretta og fóðurgildi helstu túngrasa á Íslandi

Guðni Þorvaldsson, Tryggvi Eiríksson[†], Rúna Þrastardóttir og
Bragi Líndal Ólafsson



Landbúnaðarháskóli Íslands, 2025.

Rit Lbhí nr. 185

ISSN 1670-5785

ISBN 978-9935-512-66-6

Verkefnið var styrkt af: Framleiðnisjóði Landbúnaðarins

Höfundar: Guðni Þorvaldsson, Tryggvi Eiríksson, Rúna Þrastardóttir og Bragi Líndal

Ólafsson

Ljósmynd á forsíðu: Guðni Þorvaldsson

Landbúnaðarháskóli Íslands starfar á sviði sjálfbærrar auðlindanýtingar, búvísinda, umhverfisvísinda, skipulagsfræði og matvælaframleiðslu á norðurslóðum. Fagfólk skólans nýtur akademísku frelsis og hefur sjálfðæmi við val á viðfangsefnum, túlkun niðurstaðna og birtingu þeirra, innan ramma starfsreglna skólans. Hlutverk Rits Lbhí er að miðla faglegri þekkingu en það er ekki ritrynt. Efni hvers rits er á ábyrgð höfunda og ber ekki að túlka sem álit Landbúnaðarháskóla Íslands.

Efnisyfirlit

Samantekt	2
Summary	3
Inngangur	4
Efni og aðferðir	5
Veðurfar.....	9
Niðurstöður	11
Ástand gróðurs	11
Uppskeyra.....	13
Meltanleiki.....	20
Tréni (NDF)	24
Hráprótein	29
Hæð grasanna.....	34
Þroskastig	36
Þéttleiki (%)	40
Ályktanir	41
Þakkarorð	41
Heimildir	42

Samantekt

Markmið verkefnisins var að kortleggja vöxt, þroskaferil og fóðurgildi helstu túngrasa okkar yfir allan sprettutímann, frá því snemma vors og fram á haust, bæði í frumvexti og endurvexti. Slík þekking á fóðurgrösum er mikilvæg fyrir hagkvæma nýtingu túnanna, fóðurmat og fóðuráætlanagerð. Eftirtaldir tegundir voru í rannsókninni: Vallarfoxgras, vallarsveifgras, háliðagras, túnvingull, snarrótarpuntur og hálingresi. Annað mikilvægt markmið var að búa til breiðan og góðan viðmiðunargrunn fyrir NIR mælingar á fóðri.

Í frumvexti voru vallarfoxgras, háliðagras og hálingresi með mesta uppskeru, rúm 8 tonn þe./ha. Í endurvexti gáfu háliðagras, vallarsveifgras og snarrót mesta uppskeru, tæp 3 tonn þe./ha. Meðalsprettuhraði tegundanna í frumvexti var á bilinu 76 – 110 kg þe./dag og í endurvexti 30 - 49 kg þe./dag.

Vallarfoxgras var með hæstan meltanleika í frumvexti og endurvexti en vallarsveifgras kom skammt á eftir. Snarrótarpuntur og hálingresi voru með lægstan meltanleika. Háliðagras byrjar með ágætan meltanleika en hann fellur hratt. Að meðaltali féll meltanleiki grasanna um 0,23 prósentueiningar á dag yfir sprettutímann í frumvexti, hraðast hjá hálingresi (0,30 einingar/dag) og háliðagrasi (0,31 eining/dag) en hægst hjá vallarsveifgrasi (0,16 einingar/dag) og túnvingli (0,17 einingar/dag). Í endurvexti féll meltanleiki að meðaltali um 0,17 prósentueiningar á dag, hægst hjá vallarfoxgrasi (0,03 einingar/dag) en hraðast hjá háliðagrasi (0,38 einingar/dag).

Í frumvexti sker hálingresi sig frá hinum tegundunum með herra trénisinnihald allan sprettutímann. Vallarfoxgras var hins vegar lægst fyrri hluta sprettutímans en í byrjun júlí hækkaði það og var í hærri kantinum eftir það en þó lægra en hálingresið. Túnvingull var í hærri kantinum allan tímann en háliðagras og vallarsveifgras í lægri kantinum. Undir lok sprettutíma frumvaxtar hætti trénið að aukast og stóð í stað eða féll. Þetta er væntanlega vegna þess að nýir sprotar eru farnir að myndast eða gömul blöð að falla af. Í endurvexti var myndin töluvert önnur, vallarfoxgrasið var lægst bæði árin en háliðagras og vallarsveifgras hæst.

Línurnar fyrir hráprótein í frumvexti fylgjast nokkuð að, snarrót og vallarsveifgras eru þó heldur í hærri kantinum en vallarfoxgras lægra. Í endurvexti er tegundamunurinn meiri. Tegundirnar voru misöflugar í niturupptökunni. Hálingresi, snarrót og háliðagras skiluðu mestu próteini og um leið mestu nitri (um 140 kg N/ha í frumvexti). Þessar tegundir tóku upp meira nitur en borið var á. Jarðvegurinn hefur því gefið töluvert nitur líka.

Háliðagras og vallarfoxgras voru hávöxnustu tegundirnar í frumvexti (um 80 cm) og hálingresi fylgdi fast á eftir. Í endurvexti var háliðagras hávaxnast (tæpir 60 cm) en vallarfoxgras lágvaxnast.

Þroskaferill grasanna spannaði vítt svið, frá 1 laufblaði til blómgunar. Vallarfoxgras og hálingresi skriðu öll árin seinna en hinar tegundirnar og mun fleiri sprotar mynduðu öx en hjá hinum tegundunum. Þessar tvær tegundir náðu því ekki alltaf að blómgast á tilraunátímanum. Í endurvexti var ekkert skrið árið 1994 og einungis nokkrar plöntur af háliðagrasi náðu að skriða í endurvexti 1995.

Summary

The aim of the project was to map the growth, phenological development and feed value of our main meadow grass species throughout the entire growing season. From early spring to autumn, both in primary growth and regrowth. Such knowledge of forage grasses is important for the efficient use of the grass fields, feed assessment and feeding schedule. The following species were included in the study: Timothy (*Phleum pratense*), smooth meadow-grass (*Poa pratensis*), meadow foxtail (*Alopecurus pratensis*), red fescue (*Festuca richardsonii*), tufted hair-grass (*Deschampsia caespitosa*), bentgrass (*Agrostis capillaris*). Another important aim was to create a broad and good reference base for NIR measurements of forage.

In primary growth, timothy, meadow foxtail and bentgrass gave the highest yield, over 8 tons of DM/ha. In regrowth, meadow foxtail, smooth meadow-grass and tufted hair-grass gave the highest yield, almost 3 tons DM/ha. The average growth rate of the species in primary growth ranged from 76 – 110 kg DM/day and in regrowth 30 - 49 kg DM/day.

Timothy had the highest digestibility in primary growth and regrowth, while smooth meadow-grass came close behind. Tufted hair-grass and bentgrass had the lowest digestibility. Meadow foxtail starts with good digestibility but it declines rapidly. On average, the digestibility of the grasses fell by 0.23 percentage units per day over the growth period in primary growth, fastest for bentgrass (0.30 units/day) and meadow foxtail (0.31 units/day) but slowest for smooth meadow-grass (0.16 units/day) and red fescue (0.17 units/day). During regrowth, digestibility fell by an average of 0.17 percentage units per day, slowest in timothy (0.03 units/day) but fastest in meadow foxtail (0.38 units/day).

During primary growth, bentgrass stands out from the other species with higher NDF content throughout the entire growth period. Timothy, however, was lowest in the first half of the growth period, but in early July it increased and was on the higher side thereafter, although lower than bentgrass. Red fescue was on the higher side throughout, while meadow foxtail and smooth meadow-grass were on the lower side. Towards the end of the primary growth period, the NDF stopped increasing and stood still or fell. This is presumably because new shoots have begun to form or old leaves are falling off. During regrowth, the picture was quite different, timothy was always lowest, while meadow foxtail and smooth meadow-grass were highest in both years.

The lines for crude protein in primary growth follow each other somewhat, but tufted hair-grass and smooth meadow-grass are somewhat higher but timothy lower. In regrowth, the species differences are greater. The species were different in nitrogen uptake. Bentgrass, tufted hair-grass and meadow foxtail yielded the most protein and at the same time the most nitrogen (about 140 kg N/ha in primary growth). These species absorbed more nitrogen than was applied. The soil has therefore provided considerable nitrogen as well.

Meadow foxtail and timothy were the tallest species in primary growth (about 80 cm) and bentgrass followed closely behind. In regrowth, meadow foxtail was the tallest (almost 60 cm) while timothy was the shortest.

The phenological development of the grasses spanned a wide range, from 1 leaf to flowering. In all years, inflorescence emerged later for timothy and bentgrass than the other species and produced many more reproductive tillers than the other species. These two species therefore did not always flower during the experimental period. There was no anthesis in the regrowth in 1994 and only a few plants of meadow foxtail managed to produce reproductive tillers in the regrowth in 1995.

Inngangur

Markmið verkefnisins var að kortleggja vöxt, þroskaferil og fôðurgildi helstu túngrasa sem notuð hafa verið hér á landi. Kortlagningin þarf að ná yfir allan sprettutímamann, frá því snemma vors og fram á haust, bæði í frumvexti og endurvexti. Slík þekking á fôðurgrosum er mikilvæg fyrir hagkvæma nýtingu túna, fôðurmat og fôðuráætlanagerð.

Annað mikilvægt markmið var að búa til breiðan og góðan viðmiðunargrunn fyrir NIR mælingar á fôðri (Near Infrared Reflectance). Mælingar með NIR tækni eru miklu ódýrari en hefðbundnar efnagreiningar á fôðri en þær krefjast þess að til sé sýnasafn sem búið er að greina með hefðbundnum aðferðum. Safnið þarf að spanna allan sprettuferilinn og helstu tegundir sem eru í notkun í landinu. Einnig þurfa að vera til sýni úr frumvexti og endurvexti. Aðferðin felst í því að skjóta ljósbylgjum af mismunandi bylgjulengd á grassýnin og efnasamsetning þeirra svo er metin út frá viðmiðunarsafninu sem áður hafði verið greint með hefðbundnum greiningaraðferðum.

Tilraunin var gerð á tilraunastöðinni á Korpu á tímabilinu 1992-1995 af Guðna Þorvaldssyni og Tryggva Eiríkssyni. Notaðar voru sex tegundir túngrasa sem eru algengar í túnnum hér á landi. Þetta voru vallarfoxgras (*Phleum pratense* L.), háliðagras (*Alopecurus pratensis* L.), hálingresi (*Agrostis capillaris* L.), túnvingull (*Festuca richardsonii*), snarrótarpunktur (*Deschampsia caespitosa* L.) og vallarsveifgras (*Poa pratensis* L.). Í febrúar 2022 lést Tryggvi Eiríksson skyndilega, blessuð sé minning hans. Þá komu Bragi Lindal Ólafsson og Rúna Þrastardóttir inn í verkefnið til að mæla tréni í grösunum.

Árið 2013 voru fjórar tegundir til viðbótar skoðaðar á svipaðan hátt á Korpu (Guðni Þorvaldsson og Tryggvi Eiríksson, 2022). Þetta voru tegundirnar vallarrýgresi (*Lolium perenne* L.), hávingull (*Festuca pratensis* Huds.), tágavingull (*Festuca arundinacea* Schreb.) og axhnoðapunktur (*Dactylis glomerata* L.) sem voru bornar saman við vallarfoxgras og vallarsveifgras. Sú tilraun var þó mun minni í sniðum en tilraunin sem hér er greint frá.



1. mynd. Horft yfir tilraunina. Fyrir miðju er autt svæði en blokkirnar með tilraunareitunum eru hægra og vinstra megin við þetta miðjubelti.

Efni og aðferðir

Á tilraunastöðinni Korpu við Korpúlfsstaði var sex grastegundum sáð í 12 reiti sem skiptust á tvær samsíða blokkir (1. mynd). Sáð var dagana 15. – 17. júní 1992 í frjósaman móajarðveg. Flagið var úðað með Roundup þann 14. júní til að eyða öllum gróðri sem var að koma upp og þann 11. ágúst var tilraunin úðuð gegn tvíkímblaðailgresi. Reitirnir voru kalkaðir með skeljasandi, 4 tonn/ha nema hvað háliðagras fékk 6 tonn/ha og hálingresi 2 tonn/ha. Reitastærð var 12 x 15 m nema língresisreitir voru 12 x 10 m vegna skorts á fræi. Reitirnir voru allir slegnir 3. september 1992 og hreinsað af þeim. Tilraunin fékk númerið 715-92.

Eftirtöldum tegundum og yrkjum var sáð:	Sáðmagn
1. Vallarfoxgras (Adda frá Íslandi)	33 kg/ha
2. Vallarsveifgras (Fylking frá Svíþjóð)	33 kg/ha
3. Háliðagras (frá Oregon í Bandaríkjunum)	44 kg/ha
4. Túnvingull (íslenskur nr. 305)	37 kg/ha
5. Snarrótarpuntur (úr Flóanum)	44 kg/ha
6. Hálingresi (N 010 frá Svíþjóð)	14 kg/ha

Hverjum reit var skipt að endilöngu (2. mynd). Annar helmingurinn var klipptur samkvæmt klippingaráætlun, en hinn helmingurinn sleginn eins og hvert annað tún, tvisvar sinnum yfir sumarið. Fyrst um miðjan júlí og svo aftur um 20. ágúst. Reitunum var svo víxlað milli ára þannig að reitur sem var sleginn fyrsta árið var klipptur árið eftir og öfugt. Þetta var gert til að forðast eftirverkun klippingarmeðferðanna.


Reitunum sem voru klipptir var svo skipt í þrjár rendur eftir endilöngu. Tvær rendurnar voru notaðar til að klippa frumvöxt en sú þriðja var fyrir endurvöxt. Sú rönd var slegin í lok júní og byrjað að klippa endurvöxt um miðjan júlí og klippt fram á haust. Það var ekki byrjað að klippa allar tegundirnar á sama tíma því þær voru ekki allar tilbúnar á sama tíma. Þær fyrstu voru einni til tveimur klippingum á undan þeim síðustu.

Strax og einhver merki sáust um að gróður væri að lifna í reitunum var það skráð og fylgst með þeim á og einkunn (0-4) gefin fyrir grænan lit þar sem 0 þýðir að ekkert sé farið að grænka og 4 að reiturinn sé algrænn.

Klippingarnar fóru þannig fram að byrjað var að klippa frumvöxt strax og uppskeran var orðin það mikil að hægt væri að klippa grösina (21. eða 25. maí). Eftir fyrstu klippingu var klippt fjórða hvern dag til ágústloka í frumvexti árin 1993 og 1994. Árið 1995 var frumvöxtur klipptur áttunda hvern dag. Það var hins vegar byrjað að fylgjast með reitunum strax og þeir fóru að lifna á vorin. Klipping á endurvexti hófst einnig þegar nægilegt gras var komið en endurvöxtur var klipptur áttunda hvern dag árin 1994 og 1995. Endurvöxtur var ekki klipptur fyrsta árið. Alls voru þetta rúmlega 1000 uppskerumælingar í báðum sláttum.

Klipptar voru tvær rendur í hverjum reit í hvert skipti með 10 cm breiðum rafmagnsklippum (3. og 4. mynd). Tveggja m langt prik var lagt á jörðina og grasið klippt meðfram því. Uppskeruröndin var því $0,1\text{ m} \times 2\text{ m} = 0,2\text{ m}^2$. Klipptar voru tvær rendur þannig að uppskerumæling var gerð á $0,4\text{ m}^2$ í hvert skipti. Byrjað var að klippa á jöðrum reitanna þannig að aldrei þurfti að troða niður gras á óklippta hlutanum.

Tilraunareitur



2. mynd. Skipting hvers tilraunareits, helmingurinn hvíldur (t.v.) en hinum hlutanum skipt í þrennt (t.h.), tvær rendur fyrir klippingar í frumvexti og ein rönd fyrir klippingar í endurvexti.



3. mynd. Nýklippt rönd, klippurnar og prikið sjást einnig.



4. mynd. Tryggvi Eiríksson að klippa grassýni og mæla hæð.

Þekja grasa í reitunum var metin og hæð þeirra mæld við hverja klippingu. Einnig var þroskastig grasanna metið við klippingu samkvæmt skilgreindri aðferð (Thorvaldsson og Fagerberg, 1988). Þroskastig 20 plantna af hverri tegund var metið í hvert skipti. Uppskera af hverjum reit var sett í bréfpoka og þurrkuð við 60°C í tvo sólarhringa. Áður en sýnin fóru í þurrkun var allt illgresi hreinsað úr sýnunum og það sett í sér poka (5. mynd). Að lokinni þurrkun voru bæði grassýnin og illgresissýnin vigtuð. Sýnin voru möluð með 1 mm sigti.

Áburður við sáningu:

Áburður klippingarárin: 100 kg N/ha í Græði 6 (20% N, 4,4% P, 8,3% K og 3% S) fyrir fyrri slátt en 50 kg N/ha í Græði 6 fyrir endurvöxt. Áburðartímar að vori voru 22. maí 1993, 16. maí 1994 og 19. maí 1995. Áburðartímar fyrir endurvöxt voru 29. júní 1994 og 5. júlí 1995.

Allir reitir voru slegnir 25. ágúst 1993 og 30. september 1994.

Sláttutími fyrir klippingu í 2. slætti 1993 var í lok júní. Sláttutímar fyrir klippingu í 2. slætti 1994 var 18. júní fyrir háliðagras en 29. júní fyrir hinar tegundirnar. Sláttutími fyrir klippingu í 2. slætti 1995 var 19. júní fyrir háliðagras en 4. júlí fyrir hinar tegundirnar.

Meltanleiki þurrefnis (in vitro) var mældur með aðferð Tilley og Terry (1963). Tréni var mælt sem plöntufrumuveggur, NDF (Neutral Detergent Fiber), með aðferð Van Soest (Van Soest o.fl.1991). ANKOM (ANKOM²⁰⁰ Fiber Analyzer) tækniþúnaður var notaður. Natríum sulfít var ekki notað í greiningunni þar sem það getur leyst upp efnasambönd í frumveggnum, sérstaklega í ungum plöntum.

Innihald próteins var mælt með aðferð Dumas (ISO 16634-1, 2008). Notaður var Thermo CE1112 Flash Analyser. Sýnin voru brennd með súrefni í tindeiglu við háan hita. Í kjölfar brennslunnar var köfnunarefni sýnanna aðgreint í straumi helíumgass, magngreint sem N_2 með varmaleiðniskynjara og umreiknað í hráprótein með því að margfalda með stuðlinum 6,25.



5. mynd. Tryggvi Eiríksson að tína illgresi úr grassýnum.



6. mynd. Klipping sumarið 1993.

Veðurfar

Í búveðurmælingum á Korpu var m.a. fylgst með jarðklaka. Klaki í jörðu 1992 og 1993, náði mest 20 cm dýpt og leysti í aprílbyrjun (Jarðræktarrannsóknir, 1992; 1993). Klaki fór mest í um 25 cm dýpt á athugunarstað árið 1994 og virðist hafa horfið upp úr 12. maí (Jarðræktarrannsóknir, 1993 og 1994). Jónatan Hermannsson segir svo um sumarið á Korpu 1995 (Jarðræktarrannsóknir, 1995): „*Tíðarfar á liðnu sumri var óvenjulegt. Klaki var í jörðu fram í júlí og nánast alveg sólarlaust frá 22. júlí og út spreittutímenn. Samt sem áður var sumarið hlýtt*“. Síðar segir: „*Klaki varð sá mesti síðan 1980 að minnsta kosti. Hann náði 65 cm dýpt á mælistað og var víða enn finnanlegur í júlí*“.

Nýtanlegt hitamagn frá byrjun maí til septemberloka var líka reiknað út frá veðurgögnum á Korpu. Nýtanlegt hitamagn er summan af meðalhita hvers dags að frádregnum 3,0, en er 0,0 ef meðalhiti er minni en 3,0. Nýtanlegt hitamagn var 782 °C fyrir 1992, 875 °C fyrir 1993, 931 °C fyrir 1994 og 952 °C fyrir 1995.

Í búveðurmælingum hefur líka verið fylgst með miðskriðdegi vallarfoxgrass og byggs. Árin 1992 - 1995 var miðskriðdagur þessara tegunda eftirfarandi.

	1992	1993	1994	1995
Vallarfoxgras	19. júlí	10. júlí	8. júlí	11. júlí
Bygg	4. ágúst	30. júlí	26. júlí	31. júlí

Af þessum niðurstöðum sést að sumarið 1995 var það hlýjasta af þessum fjórum en klaki var mjög mikill þetta vor sem seinkaði gróanda og skaðaði gróður. Sumarið 1992 var kaldast.

Hér fyrir neðan eru birt mánaðameðaltöl hita (meðalhiti, hámarkshiti og lágmarkshiti), úrkomu og skýjahulu öll fjögur árin (1. - 4. tafla).

1. tafla. Hiti, úrkoma og skýjahula á Korpu árið 1992.

Mánuður	Meðalhiti °C	Hámark °C	Lágmark °C	Úrkoma mm	Skýjahula n/8
Janúar	2,0	8,9	-13,9	171	7,0
Febrúar	0,1	7,9	-10,2	134	6,6
Mars	0,4	7,5	-14,6	153	6,1
Apríl	2,2	8,7	-6,5	45	5,7
Maí	5,4	15,2	-6,7	83	6,4
Júní	7,9	14,4	2,4	98	6,8
Júlí	9,9	18,3	0,0	36	5,5
Ágúst	9,4	18,2	2,4	52	6,6
September	6,2	16,7	-3,2	62	5,3
Október	4,3	13,2	-7,1	63	5,9
Nóvember	1,1	8,1	-10,1	166	5,9
Desember	-0,6	7,9	-13,1	157	6,1
Meðaltal	4,0	12,1	-6,7	102	6,2

2. tafla. Hiti, úrkoma og skýjahula á Korpu árið 1993.

Mánuður	Meðalhiti ° C	Hámark ° C	Lágmark ° C	Úrkoma mm	Skýjahula n/8
Janúar	-2,4	5,9	-15,1	95	6,6
Febrúar	0,6	6,8	-13,0	131	7,2
Mars	1,4	8,0	-12,4	130	6,9
Apríl	3,3	11,0	-6,4	45	5,6
Mái	5,0	13,0	-2,6	74	5,4
Júní	9,2	17,6	1,7	53	6,2
Júlí	10,1	20,5	2,8	31	5,5
Ágúst	9,0	17,0	0,0	74	5,6
September	8,6	16,4	-1,4	81	6,0
Október	3,9	12,7	-10,0	47	5,5
Nóvember	3,3	10,0	-5,2	413	6,6
Desember	-1,8	6,9	-20,2	84	5,5
Meðaltal	4,2	12,2	-6,8	105	6,1

3. tafla. Hiti, úrkoma og skýjahula á Korpu árið 1994.

Mánuður	Meðalhiti ° C	Hámark ° C	Lágmark ° C	Úrkoma mm	Skýjahula n/8
Janúar	-1,9	8,4	-15,4	64	5,8
Febrúar	0,9	7,6	-11,2	190	5,4
Mars	-1,8	7,5	-13,9	91	5,8
Apríl	1,6	8,8	-7,7	37	5,1
Mái	7,2	14,9	-1,6	82	5,5
Júní	8,4	15,6	-0,3	54	6,2
Júlí	12,2	20,6	4,4	58	6,4
Ágúst	10,2	18,2	2,2	34	6,0
September	5,8	15,2	-5,9	59	5,3
Október	2,8	10,6	-7,7	62	5,9
Nóvember	2,2	10,1	-11,8	108	5,0
Desember	-1,6	9,5	-10,9	98	5,3
Meðaltal	3,8	12,3	-6,7	78	5,6

4. tafla. Hiti, úrkoma og skýjahula á Korpu árið 1995.

Mánuður	Meðalhiti ° C	Hámark ° C	Lágmark ° C	Úrkoma mm	Skýjahula n/8
Janúar	-1,9	5,9	-13,0	89	5,4
Febrúar	-2,4	4,3	-17,9	41	4,8
Mars	-2,5	7,2	-13,6	52	5,1
Apríl	1,2	10,7	-14,0	42	6,0
Mái	6,8	15,6	-5,0	20	5,3
Júní	9,0	15,6	-0,5	48	6,8
Júlí	10,5	21,6	1,4	46	5,5
Ágúst	10,4	15,7	4,8	101	7,1
September	7,4	15,1	-4,2	59	6,3
Október	3,3	13,6	-5,5	52	5,6
Nóvember	1,0	10,0	-11,4	18	5,1
Desember	-0,5	10,2	-17,2	175	5,3
Meðaltal	3,5	12,1	-8,0	62	5,7

Niðurstöður

Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum tilraunarinnar. Alls voru gerðar rúmar þúsund mælingar á uppskeru, þroskastigi, þéttleika og hæð grasanna á þessum þremur árum sem tilraunin stóð. Ekki reyndist unnt að efnagreina öll þessi 1000 sýni vegna kostnaðar. Meltanleiki var ákvarðaður á 427 sýnum, árið 1993 voru báðar blokkir greindar en önnur blokkin 1994. Í seinni slætti var önnur blokkin mæld bæði árin, 1994 og 1995. Prótein og tréni var mælt í 292 sýnum, í fyrri slætti var önnur blokkin mæld árin 1993 og 1994 og önnur blokkin í seinni slætti árin 1994 og 1995. Sýnin sem voru greind dreifðust jafnt á allar tegundir og allan vaxtartímann.

Ástand gróðurs

Byrjað var að fylgjast með tilrauninni áður en gróður fór að lifna á vorin og framvindan skráð. Hér á eftir koma nokkrar umsagnir um gróðurinn á tilraunatímanum.

1992

3. sept. Tilraunin var slegin og hreinsað af henni. Háliðagrasíð hafði sprottið mest og næst komu svo vallarfoxgras og hálíngresi. Mjög lítil uppskera var á öðrum reitum.

1993

13. apríl Háliðagras með 2,5 í einkunn fyrir grænan lit, vallarsveifgras og vallarfoxgras með 2,0, língresi með 1,5 og snarrót með 1,0.

4. maí Sömu einkunnir og síðast.

11. maí. Háliðagras með 3,5 í einkunn fyrir grænan lit, vallarsveifgras, língresi og vallarfoxgras með 2,0 og túnvingull og snarrót með 1,5.

25. maí. Allir reitir orðnir grænir. Uppspera mæld hjá öllum tegundum.

1994

3. maí: Háliðagrasíð byrjað að grænka en ekki aðrar tegundir.
10. maí: Háliðagras komið með 3 fyrir grænan lit, vallarsveifgras 2 en hinar tegundirnar 1. Um 25 cm voru niður á klaka en hann var ekki þykkur.
17. maí: Háliðagras algrænt, hálíngresi með 3 fyrir lit, hinar tegundirnar með 2 nema vallarfoxgras sem er með 1. Jörð orðin klakalaus.
21. maí: Uppskera mæld hjá háliðagrasí og hálíngresi.
25. maí: Allir reitir orðnir algrænir nema hvað vallarfoxgras fékk 3 fyrir lit og vallarsveifgras og snarrót fengu 3,5. Uppskera mæld hjá öllum tegundum.
29. maí: Allir reitir orðnir algrænir.

1995

11. apríl: Töluverður skafli er á enda tilraunarinnar. Reitir nr. 7 (háliðagras) er alveg undir snjó og hluti af reitum 1 (vallarsveifgras) og 8 (vallarfoxgras).
19. apríl: Skafliinn að mestu horfinn. Það sem eftir er af honum, er orðið að klaka.
1. maí: Allur klaki og snjór farinn af tilrauninni. Ekkert farið að grænka.
4. maí: Háliðagrasíð byrjað að lifna og 10-13 cm niður á klaka.
8. maí: Háliðagrasíð byrjað að lifna og 16 cm niður á klaka.
11. maí: Auk háliðagras er vallarfoxgras byrjað að grænka og það örlar á grænum lit á hinum tegundunum. Kalblettir sjást í tilrauninni (7. mynd). Það eru 16-18 cm niður á klaka.
18. maí: Grænn litur sést í öllum reitum. Háliðagras orðið 8-9 cm hátt. Það eru 20-23 cm niður á klaka.
22. maí: Enn eru 25-26 cm niður á klaka.
25. maí: Fyrsta uppskerumæling á háliðagrasí, aðrar tegundir ekki klipptar.
2. júní: Allir reitir algrænir og jörð er orðin klakalaus í tilrauninni. Í öllum reitum hefur grasið eitthvað gisnað eftir veturinn og sums staðar eru kalskellur. Verstir eru reitir 8 (vallarfoxgras) og 12 (túnvingull). Við klippingu var reynt að sniðganga skemmdir. Allir reitir klipptir. Víða má sjá dauðar rendur í reitum sem voru klipptir 1994, þ.e. í sjálfum klippingarröndunum.



7. mynd. Skemmd eftir veturinn 1995.

Uppskera

Í þessari tilraun var allt illgresi hreinsað úr uppskerunni. Fyrst og fremst var það gert til að hægt væri að framkvæma efnagreiningar á hreinum grastegundum. En þessar mælingar sýna einnig að illgresi var mismikið hjá tegundunum. Í frumvexti var það að meðaltali mest í túnvingli (22%), 14% í snarrótarpunti, 7% í vallarsveifgrasi og hálingresi, 4% í háliðagrasi og 2% í vallarfoxgrasi. Í endurvexti var illgresi mest í túnvingli (18%), 8% í hálingresi, 7% í vallarfoxgrasi, 6% í snarrótarpunti, 3% í háliðagrasi og 2% í vallarsveifgrasi. Ástæðan fyrir meira illgresi í endurvexti vallarfoxgrass er sú að það sprettur mjög hægt eftir slátt því það þarf að mynda nýja sprota, nema að það sé slegið mjög snemma. Illgresið fær því lengri tíma til að koma sér fyrir en hjá hinum tegundunum þar sem stubbarnir geta haldið áfram að vaxa strax eftir slátt.

Eftir áratuga notkun á landinu á Korpu fyrir tilraunir, hefur byggst upp mikill fræforði af illgresi í jarðveginum. Grastegundirnar eru misfljótar að þétta sig eftir sáningu og því verður meira illgresi í tegundum sem eru seinar að þétta sig. Ef ekki hefði verið svona mikið af illgresisfræjum í jarðveginum hefðu tegundirnar orðið jafnari að þessu leyti. Þá hefði verulegur hluti af gróðri reitanna verið hreinar tegundir í upphafi. Ef uppgjörið er eingöngu byggt á grashluta uppskerunnar er hallað á þær tegundir sem mest illgresi var í. Því var farinn sú leið að nota heildaruppskeru (viðkomandi grastegund+illgresi) í uppskerusamanburði tegundanna.

Gerð var fervikagreining á uppskerutölum í gagnasafninu (gras + illgresi, kg þe./ha) til að sjá áhrif einstakra þátta á breytileikann í gögnunum. Þetta var gert fyrir bæði frumvöxt og endurvöxt (5. tafla). Hluta gagnanna var safnað fjórða hvern dag (frumvöxtur 1993 og 1994) en restinni áttunda hvern dag (frumvöxtur 1995 og endurvöxtur 1994 og 1995). Uppgjörið í 5. töflu var reiknað með gögnum áttunda hvern dag til að samræma gagnasafnið. Áhrif allra þátta (ár, sláttutími og grastegund) og tveggja þátta samspils þeirra voru hámarktæk ($P < 0,0001$) enda frítölur fyrir skekkju margar. Líkanið skýrði mjög stóran hluta breytileikans (R^2 var 0,95 í fyrri slætti en 0,98 í þeim seinni).

Samkvæmt 5. töflu hefur sláttutími afgerandi áhrif á uppskeruna eins og vænta mátti. Áramunur er einnig töluverður, einkum í endurvexti. Endurvöxtur var bara mældur í tvö ár (1994 og 1995) og var seinna árið mun lakara.


Grastegundirnar hafa einnig mikil áhrif á breytileikann í gagnasafninu. Röðun tegundanna breytist ekki þó eingöngu sé miðað við hreint gras en túnvingull og snarrót lækka meira en hinar tegundirnar við þetta.

Tveggja þátta samspil þessara þátta voru einnig hámarktæk. Þessi hluti breytileikans getur stafað af veðurþáttum. Það væri því æskilegt að skoða hvort veðurþættir eins og hiti, úrkoma og geislun hafa þarna áhrif.

5. tafla. Niðurstöður fervikagreiningar á uppskerutölum (kg þe./ha) úr frumvexti og endurvexti, reiknað F-gildi fyrir hvern tilraunaþátt og tveggja þátta samspil þeirra.

Áhrifavaldur	Frumvöxtur	Endurvöxtur
Ár	66,8	1345,2
Sláttutími	70,0	650,5
Grastegund	35,1	159,1
Ár x sláttutími	5,5	22,9
Ár x grastegund	5,7	21,8
Sláttutími x grastegund	2,0	3,3
R ²	0,95	0,98
RMSE	617	169
CV	15,9	10,1
Fritölur fyrir skekkju	258	114

Á 8. mynd eru vaxtarkúrfur tegundanna sýndar fyrir hvert uppskeruár bæði í frumvexti og endurvexti. Í frumvexti eru vallarfoxgras, háliðagras og hálíngresi með meiri uppskeru en hinar tegundirnar, en vaxtarkúrfur allra tegundanna fylgja nokkuð beinni línu framan af sumri. Í endurvexti gáfu háliðagras, vallarsveifgras og snarrót mesta uppskeru. Þegar uppskerumælingar eru gerðar mjög þétt eins og í þessari tilraun verða alltaf einhverjar sveiflur í vaxtarkúrfunni, t.d. vegna veðurs og annarra umhverfisþátta og vegna eiginleika tegundanna. Ónákvæmni í mælingum veldur einnig breytileika í gagnasafninu.



8. mynd. Vaxtarkúrfur grastegundanna fyrir hvert ár í frumvexti og endurvexti.

Í 6. – 10. töflu eru uppskerutölurnar úr 8. mynd sýndar fyrir hvert ár, hverja tegund, hvern sláttutíma bæði í frumvexti og endurvexti. Töflurnar gera mönnum kleift að kafa dýpra í uppskerutölurnar.

Dagsetning hámarksuppskeru í fyrri slætti var 17. ágúst árið 1993, 28. júlí 1994 en 5. ágúst árið 1995. Sambærilegar dagsetningar í seinni slætti voru 21. ágúst árið 1994 en 29. ágúst árið 1995. Þó grösin væru klippt lengur þá jókst ekki uppskeran eftir þetta nema hjá tveimur tegundum 1993. Þann 21. ágúst var vallarsveifgras komið með 5880 kg þe./ha og þann 25. ágúst var snarrót komin með 6820 kg þe./ha. Þessar tegundir bættu við uppskeru aðeins lengur enda frekar seinar til eftir sáningu.

6. tafla. Heildaruppskera tegundanna (gras+illgresi, kg þe./ha) í frumvexti á mismunandi tímum sumars árið 1993.

Sláttutími	Vallarfoxgr.	Vallarsvgr.	Háliðagr.	Túnvingull	Snarrót	Língresi	Meðaltal
25. maí	515	404	970	235	561	669	559
29. maí	745	436	1231	353	626	941	722
2. júní	1049	714	1731	829	978	1746	1175
6. júní	1221	815	1741	980	1125	1430	1219
10. júní	2041	1124	2539	1448	1498	2046	1783
14. júní	2513	1629	3438	1953	1963	2823	2387
18. júní	2618	1840	3610	2425	2140	2940	2596
22. júní	3094	1544	3834	2566	2524	3049	2769
26. júní	3934	2235	4000	3218	3149	3951	3415
30. júní	3806	2195	3675	3326	3381	4285	3445
4. júlí	4281	2619	4305	3473	3499	4390	3761
8. júlí	3879	3234	4234	3994	3713	4593	3941
12. júlí	5125	4119	4635	4364	4578	4809	4605
16. júlí	6255	3956	5866	4944	4695	5865	5264
20. júlí	6928	4800	5960	6169	5470	6675	6000
24. júlí	7431	4034	5929	4786	5538	7331	5842
28. júlí	8428	5069	7024	5713	7203	7914	6892
1. ágúst	8285	5394	7156	5742	6885	7563	6838
5. ágúst	8229	5290	6966	7340	6468	7639	6989
9. ágúst	9434	6061	7121	8215	6654	8498	7664
13. ágúst	9541	5225	7228	7349	6501	9063	7485
17. ágúst	8501	5339	8374	7868	5681	9089	7475
21. ágúst	7786	5880			6281		

7. tafla. Heildaruppskera tegundanna (gras+illgresi, kg þe./ha) í frumvexti á mismunandi tímum sumars árið 1994.

Sláttutími	Vallarfoxgr.	Vallarsvgr.	Háliðagr.	Túnvingull	Snarrót	Língresi	Meðaltal
21. maí			449			348	
25. maí	183	246	781	354	459	516	423
29. maí	369	486	1030	563	826	916	698
2. júní	700	866	1338	805	1106	1489	1051
6. júní	1090	1220	1716	1290	1388	1740	1407
10. júní	1338	1538	2166	1175	1616	1883	1619
14. júní	1696	1985	2885	1918	2614	2516	2269
18. júní	2428	2524	3439	2834	3181	3244	2942
22. júní	2984	2878	3625	2955	3559	3656	3276
26. júní	3434	3231	4270	3650	3958	4269	3802
30. júní	3679	3705	4853	3598	4380	4393	4101
4. júlí	4083	4126	6074	4269	4758	5313	4771
8. júlí	4786	4224	6879	4383	5530	5928	5288
12. júlí	5508	4735	6678	4921	5925	7461	5871
16. júlí	6013	4646	8139	6219	7021	7594	6605
20. júlí	7509	5491	8581	6651	6885	7843	7160
24. júlí							
28. júlí	7716	5399	10503	7115	6918	8155	7634

8. tafla. Heildaruppskera tegundanna (gras+illgresi, kg þe./ha) í frumvexti á mismunandi tímum sumars árið 1995.

Sláttutími	Vallarfoxgr.	Vallarsvgr.	Háliðagr.	Túnvingull	Snarrót	Língresi	Meðaltal
25. maí			238				
29. maí							
2. júní	305	436	785	268	403	373	428
10. júní	1223	1569	2035	1068	1403	1503	1467
18. júní	1634	2166	2545	1599	2079	2171	2032
26. júní	2639	2560	3809	2383	3185	2624	2867
4. júlí	3489	3531	3956	2783	3930	3685	3562
12. júlí	4356	4160	5061	3670	4451	4794	4415
20. júlí	5161	5104	5224	4275	4505	5390	4943
28. júlí	5880	5184	5250	4390	4700	5774	5196
5. ágúst	6833	6006	6265	4670	5929	7608	6219

9. tafla. Heildaruppskera tegundanna (gras+illgresi, kg þe./ha) í endurvexti á mismunandi tímum sumars árið 1994.

Sláttutími	Vallarfoxgr.	Vallarsvgr.	Háliðagr.	Túnvingull	Snarrót	Língresi	Meðaltal
12. júlí		828	855	631	813		
20. júlí	494	1281	1365	1064	1310	653	1028
28. júlí	1111	2069	2204	1610	1733	1663	1732
5. ágúst	1244	2424	2251	1716	2498	1601	1956
13. ágúst	1698	2969	2900	2464	3243	2404	2613
21. ágúst	2025	3523	3029	2470	3541	2615	2867
29. ágúst	2290	3583	2835	2644	3251	2749	2892

10. tafla. Heildaruppskera tegundanna (gras+illgresi, kg þe./ha) í endurvexti á mismunandi tímum sumars árið 1995.

Sláttutími	Vallarfoxgr.	Vallarsvgr.	Háliðagr.	Túnvingull	Snarrót	Língresi	Meðaltal
12. júlí			463				
20. júlí		440	1091	264	413		552
28. júlí	218	983	1466	299	764	518	708
5. ágúst	711	1371	1823	663	1420	1158	1191
13. ágúst	976	1936	2375	839	1826	1354	1551
21. ágúst	1088	2331	2365	899	2124	1479	1714
29. ágúst	1131	2073	2649	943	2236	1559	1765

Sprettan í frumvexti var hröðust hjá vallarfoxgrasi (110 kg þe. ha/dag), hálíngresi (110 kg þe./dag) og háliðagrasi (107 kg/dag) (11. tafla). Hinar tegundirnar uxu heldur hægar, túnvingull með 92 kg þe./dag, snarrótarpunktur með 87 kg og vallarsveifgrasið hægast með 76 kg. Hafa ber í huga að vallarsveifgras þarf lengri tíma en margar aðrar tegundir til að spíra og koma sér fyrir í jarðveginum. Það skilar því fullri uppskeru heldur seinna en hinar tegundirnar.

Sprettuhraðinn í frumvexti var mestur árið 1994, 112 kg á ha/dag (meðaltal allra tegunda) en 90 kg á ha/dag árið 1993 og 89 kg 1995.

11. tafla. Meðal sprettuhraði í frumvexti (kg þe. ha/dag) frá byrjun sprettu seint í maí þar til hámarksuppskeru var náð.

Tegund	1993	1994	1995	Meðaltal
Vallarfoxgras	113	118	100	110
Hálíngresi	100	119	111	110
Háliðagras	88	148	84	107
Túnvingull	102	106	68	92
Snarrótarpuntur	74	101	85	87
Vallarsveifgras	62	81	86	76
Meðaltal	90	112	89	97

Sprettuhraði tegundanna í endurvexti var reiknaður fyrir tímabilið frá því að borið var á eftir fyrri slátt til 29. ágúst. Í endurvexti var meðalsprettuhraði tegundanna 47 kg þe. ha/dag 1994 en 32 kg árið 1995 (12. tafla). Vallarfoxgras og túnvingull voru með minnstan sprettuhraða 30 kg þe. ha/dag að meðaltali en vallarsveifgras mestan, 49 kg. Vallarfoxgras er lengi að taka við sér eftir slátt og skýrir það hægari sprettu en hjá hinum tegundunum.

12. tafla. Meðal sprettuhraði í endurvexti (kg þe. ha/dag) frá því borið var á eftir 1. slátt til 29. ágúst.

Tegund	1994	1995	Meðaltal
Vallarsveifgras	59	38	49
Háliðagras	46	48	47
Snarrótarpuntur	53	41	47
Hálíngresi	45	28	37
Túnvingull	43	17	30
Vallarfoxgras	38	21	30
Meðaltal	47	32	40

Spretta nokkurra tegunda var borin saman á Hvanneyri árin 1991-1993 (Ríkharð Brynjólfsson, 1996). Þar var vallarfoxgras með mesta uppskeru í fyrri slætti (meðaltal þriggja áburðartíma og þriggja áburðarskammta og þriggja ára), 8565 kg þe./ha, beringspuntur var með 7650 kg, túnvingull með 7445 kg, vallarsveifgras með 6835 kg, língresi með 6830 kg og snarrótarpuntur með 6180 kg. Þessar tölur víkja ekkert mikið frá tilraun 715-92 sem kynnt er í þessu riti.

Sprettuhraði nokkurra tegunda var mældur út frá niðurstöðum úr 24 sláttutímatilraunum sem gerðar voru á nokkrum stöðum á landinu á árabílinu 1965-1987 (Thorvaldsson og Björnsson, 1990). Samanlagt voru þetta 80 tilraunaár. Þar var vallarfoxgras með 113 kg þe./dag í meðalsprettu (123 kg í júní og júlí en 93 kg í ágúst), beringspuntur með 103 kg þe./dag (106 kg í júní og júlí en 96 í ágúst), snarrótarpuntur með 86 kg þe./dag (93 kg í júní og júlí og 74 í ágúst), vallarsveifgras með 80 kg þe./dag (85 kg í júní og júlí en 68 í ágúst) og túnvingull með 71 kg þe./dag (98 kg í júní og júlí en 43 kg í ágúst). Þessar tölur ríma ágætlega við niðurstöðurnar sem kynntar eru í þessari skýrslu.


Meðalsprettuhraði vallarfoxgrass á sex stöðum í Norður-Svíþjóð frá 15. júní til 20. júlí var um 120 kg þe./dag og í endurvexti um 50 kg þe./dag (Thorvaldsson og Andersson, 1986).

Í ræktunarklefum og gróðurhúsi í Kanada voru gerðar mælingar á uppskeru helstu túngrasa sem notaðar eru á Íslandi. Mælingarnar voru gerðar á mismunandi þroskastigum (Thorvaldsson og Martin, 2004). Tegundunum var skipt í þrjá hópa þar sem marktækur munur var á uppskeru milli hópa en ekki innan hópa. Í hópnum sem gaf mesta uppskeru voru vallarfoxgras, háliðagras, vallarrýgresi og hávingull. Í miðhópnum voru vallarsveifgras og snarrótarpuntur. Túnvingull var svo í hópnum sem gaf minnsta uppskeru. Niðurstöðurnar frá Kanada falla í stórum dráttum ágætlega að niðurstöðum þessarar tilraunar og fleiri tilrauna sem gerðar hafa verið með þessar tegundir.

Meltanleiki

Meltanleiki einstakra tegunda á mismunandi tímum sumars, bæði í frumvexti og endurvexti, er sýndur á 9. mynd og í 13.-16. töflu. Í 17. og 18. töflu er daglegt fall í meltanleika tegundanna (meðaltal yfir sumarið) sýnt bæði í frumvexti og endurvexti.

Meltanleiki grasa er hæstur snemma á vorin en fellur svo eftir því sem líður á sumarið. Það er misjafnt milli tegunda hversu hár meltanleikinn verður í upphafi sprettu og líka tegundamunur á því hvað hann fellur hratt. Þetta kom skýrt fram í þessari tilraun. Vallarfoxgras var með hæstan meltanleika í frumvexti og endurvexti en vallarsveifgras kom skammt á eftir. Snarrótarpuntur og hálingresi voru með lægstan meltanleika. Háliðagras byrjar með ágætan meltanleika en hann fellur hratt. Meltanleikinn í frumvexti féll hraðast hjá háliðagrasi og hálingresi en hægst hjá vallarsveifgrasi og túnvingli (17. tafla). Í endurvexti féll meltanleiki vallarfoxgrass mjög hægt en mjög hratt hjá háliðagrasi (18. tafla).



9. mynd. Meltanleiki tegundanna (% af þe.) fyrir hvert ár í frumvexti og endurvexti.

Gunnar Ólafsson (1979) gerði mælingar á meltanleika ýmissa grastegunda á mismunandi tímum sumars í frumvexti. Niðurstöður hans eru í stórum dráttum svipaðar og niðurstöður þessarar rannsóknar nema hvað meltanleiki vallarfoxgrass og vallarsveifgrass fellur heldur hraðar hjá honum en í þessari rannsókn.

Það gæti t.d. stafað af yrkjamun. Hólmgeir Björnsson og Jónatan Hermannsson (1983) fjölluðu svo um niðurstöður Gunnars og aðrar rannsóknir á þessu sviði á ráðunautafundi.

Í ræktunarklefum og gróðurhúsi í Kanada voru gerðar mælingar á meltanleika helstu túngrasa sem notaðar eru á Íslandi. Mælingarnar voru gerðar á mismunandi þroskastigum (Thorvaldsson o.fl., 2007). Meltanleikinn var hæstur í vallarrýgresi og hávingli, næst kom vallarfoxgras, háliðagras, túnvingull, vallarsveifgras og snarrótarpuntur rak lestina með minnstan meltanleika. Niðurstöðurnar frá Kanada falla ágætlega að niðurstöðum þessarar tilraunar nema hvað vallarsveifgrasið var heldur lægra þar en í þessari tilraun.

Jóhannes Sveinbjörnsson o.fl. (2008) mældi áhrif sláttutíma á uppskeru og fóðurgildi grastegunda. Í þeirri tilraun voru sýnin tekin á tímabilinu 20. júní – 10. júlí í tvö sumur. Í bæði frumvexti og endurvexti var meltanleiki hæstur hjá vallarrýgresi, vallarfoxgrasi og hávingli. Vallarsveifgras og háliðagras kom þar skammt á eftir. Þetta stemmir ágætlega við niðurstöður þessarar skýrslu sem og skýrslu þar sem nýrri tegundir voru bornar saman við vallarfoxgras og vallarsveifgras (Guðni Þorvaldsson og Tryggvi Eiríksson, 2022).

13. tafla. Meltanleiki tegundanna (% af þe.) í frumvexti á mismunandi tímum sumars árið 1993.

Sláttutími	Vallarfoxgr.	Vallarsvgr.	Háliðagr.	Túnvingull	Snarrót	Língresi	Meðaltal
25. maí	82,73	76,56	76,96	76,45	69,32	78,04	76,68
29. maí	83,81	76,21	78,28	77,25	70,67	80,35	77,76
2. júní	82,52	74,52	76,22	76,03	71,79	75,32	76,07
6. júní	83,71	75,32	74,74	75,72	71,86	76,04	76,23
